

KIRKJUGARÐARÁÐ

51. fundur haldinn 16. apríl 2007 í fundarsal Biskupsstofu

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins. Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga var fjarverandi.

Gestur: Pétur Jónsson landslagsarkitekt.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl. 14:15.

2. Kirkjugarðurinn í Stykkishólmi

Pétur Jónsson landslagsarkitekt kynnti hugmyndir að lagfæringu og stækkun. Stækkunin er komin inn í skipulagið á svæðinu. Verkið er unnið í samvinnu við Guðmund Rafn. Um er að ræða helmings stækkun á garðinum. Bætt verður við 143 grafarstæðum á svæði A og 170 grafarstæðum á svæði B. Nauðsynlegt er að bera um 1 m þykkt lag af efni í nýja hluta garðsins, svo unnt verði að taka grafir þar.

Áhaldahúsið í garðinum er ónýtt og því nauðsynlegt að byggja nýtt hús. Í hliðinu inn í garðinn er kirkjuklukka frá 18. öld og er stefnt að því að flytja hana í klukknaport inni í garðinum til að tryggja varðveislu hennar. Stefnt er að því að ljúka verkinu á næstu 3-4 árum. Vakin var athygli á að leiðin snúa ekki austur-vestur. Við hönnun garðsins var ákveðið að breyta því ekki, heldur var stefnan höfð í samræmi við eldri garðinn.

Kirkjugarðaráð var sammála því að ekki væri ástæða til að breyta stefnu leiðanna, heldur hafa hana í samræmi við stefnu leiða í gamla hlutanum sem er frá 1910.

Til stendur að gera fjögurra ára áætlun um vinnuna við endurbæturnar á garðinum og munu Pétur Jónsson og Guðmundur Rafn koma að verkinu.

3. Fundargerð 50. fundar

Fundargerðin var samþykkt. Nefnt var að ekki er lokið við að semja um greiðslu vegna Kirkna Íslands og mun Guðmundur Rafn taka málið að sér.

4. Viðgerð á minnisvarða Tómasar Sæmundssonar - fjármögnun

Á fundi Kirkjugarðaráðs þar sem fjallað var um málið var ákveðið að eðlilegast væri að sóknarnefnd sæi um framkvæmd viðgerðarinnar í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins.

Sóknarnefndin vildi ekki nýjan minnisvarða, en kaus að gert væri við upprunalega minnisvarðann. Þór Sigmundsson steinsmiður og Guðmundur Rafn fóru og skoðuðu steininn. Þór vinnur nú að áætlun um viðgerð steinsins sem hann sendir Fornleifavernd ríkisins til umsagnar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni kosta 700 þús. kr. Óskar Magnússon formaður sóknarnefndar fékk samþykkt að sóknarnefndin legði 200 þús. til verksins. Guðmundur Þór Guðmundsson fékk samþykkt að jöfnunarsjóður greiddi 150 þús. kr.

Guðmundur Rafn leggur til að kirkjugarðaráð leggi til styrk í viðgerðina. Kirkjugarðaráð samþykkti að veittur yrði 200 þús. kr. styrkur.

5. Hjarðarholt í Dölum – afgreiðsla og bókun

Guðmundur Rafn kynnti málið sem er til komið vegna ósætta sóknarnefndar og ábúanda vegna vinnu ábúandans fyrir sóknarnefndina við framkvæmdir á jörðinni. Ráðið var sammála um að Guðmundur Rafn sendi aðilum málsins bréf þar sem eftirfarandi kæmi fram:

„Kirkjugarðaráð lýsir yfir óánægju sinni með að ekki skuli hafa náðst að semja um greiðslu reikninga, áður en málið fór í þann farveg sem það er í í dag. Jafnframt lýsir ráðið yfir undrun sinni á að ábúandi skuli ekki hafa viljað hitta fulltrúa sóknarnefndar til að ræða málið. Kirkjugarðaráði þykir miður að þurfa að grípa inni málið með þeim hætti sem orðið er og ítrekar að um frekari afskipti af samskiptum sóknarnefndar og ábúenda verði ekki að ræða að hálfu ráðsins.“

6. Námskeið á vegum KGSÍ sem haldið var að Löngumýri í Skagafirði og fjallaði um málefni kirkjugarða

Smári kynnti málið. Námskeiðið var fjölmennt námskeið (34 þátttakendur) og var látið vel af því. Það fjallaði um sameiningu sóknarnefnda og minjavernd. Þór Hjaltalín hélt fyrirlestur um minjavernd. Næsta námskeið verður í Borgarfirði-Snæfellsnesi í september. Kristín Huld nefndi að skynsamlegast væri að Þór héldi einnig fyrirlestur þar. Fornleifaverndin greiðir kostnað vegna Þórs.

7. Fjármál kirkjugarða - upplýsingar um stöðuna vegna uppgjörs Fjársýslu ríkisins v/2006

Þórsteinn kynnti mál varðandi framlag ríkisins til kirkjugarða 2006 og nefndi hann að það gengi ekkert að fá leiðréttingu frá Fjársýslu ríkisins. Það er enn mismunur upp á 3,5 millj. kr. sem átti að koma til Kirkjugarðasjóðs og sama gildir um leiðréttinguna það.

Þórsteinn mun semja bréf til Fjársýslu um málið í samvinnu við formann sem mun síðan undirrita.

8. Tilnefning tengiliðar vegna vinnu við aðalskipulag Fjarðabyggðar.

Guðmundur Rafn mælir með því að Sigurgeir verði tengill.

9. Næsti fundur

Verður haldinn að Sólheimum í Grímsnesi og verður einnig komið við á Selfossi og rätt við fulltrúa kirkjugarðsins hönnuð nýja garðsins. Fundurinn verður 14. maí.

10. Önnur mál

- a. Viljalýsing um sameiningu sóknarnefnda í Möðruvallaklaustursprestakalli (Bakkasókn, Bægisársókn, Glæsibæjarsókn og Möðruvallaklausturssókn) var lögð fram til kynningar.
- b. Lagt var fram til kynningar bréf Kirkjugarðaráðs til sr. Halldóru Þorvarðardóttur í Fellsmúla vegna óskar um að jarða í gamla kirkjugarðinum á Stóru-Völlum. Erindinu var hafnað.

Fundi slitið kl. 14:30.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari